



Umbótaáætlun Oddeyrarskóla

í kjölfar ytra mats haust 2015





Umbótaáætlun þessi er unnin í framhaldi af ytra mati Námsmatsstofununar haustið 2015 á stjórnun, námi og kennslu, innra mati og skóla án aðgreiningar. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Umbótaáætlunina unnu stjórnendur skólans; Kristín Jóhannesdóttir, Rannveig Sigurðardóttir og Fjóla Kristín Helgadóttir og var hún að hluta til byggð á hópvinnu kennara.

Byggt var á upplýsingum úr skýrslu Hönnu Hjartardóttur og Birnu Sigurjónsdóttur matsaðila sem unnin var haust 2015.



Umbótaáætlun vegna ytra mats sem framkvæmt var haustið 2015

| Markmið | Lýsing verkefnis - aðgerð | Tímaáætlun / verklok | Mælikvarði á árangur / matsaðferðir | Ábyrgð | Lokið |
|--|---|--|--|------------------------------------|-------|
| SVIÐ 1 - Stjórnun | | | | | |
| Fagleg forysta | | | | | |
| Að stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf. | Undirbúningur hefst með samtölum stjórnenda og kennara um markmið kennarans og það sem hann vill að stjórnandi styðji við. Formlegar heimsóknir hefjast skólaárið 2016-2017 í kjölfar samtala við kennara. Stutt samtöl sem byggja á markmiðum kennarans eftir hverja heimsókn. | Undirbúningur á vorönn 2016. Heimsóknir byrja haust 2016, gert 4x á vetri. | Mat kennara (starfsmannakönnun) og starfsmannasamtöl. | Stjórnendur | |
| Stjórnun stofnunar | | | | | |
| Gera móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn. | Móttökuáætlun er í vinnslu og verður tekin til umræðu á starfsdögum í júní 2016. | Júní 2016 | Mat starfsmanna á móttöku. Starfsmannakannanir og starfsmannasamtöl. | Stjórnendur | |
| Faglegt samstarf | | | | | |
| Skrá niður samskipti við önnur skólastig og grenndarsamfélagið og birta á heimasíðu skólans. | Til er skráð samstarfsáætlun við leikskólann í hverfinu. Mikið samstarf er við framhaldsskólana í bænum og eru til drög að samstarfsáætlun, verða fullunnin og birt í apríl 2016. Í skólanámskrá er birt áætlun um samvinnu við grenndarsamfélagið. | Apríl 2016 | Birting á heimasíðu Oddeyrarskóla | Stjórnendur | |
| Skólaþróun | | | | | |
| Hafa umbótaáætlun vegna innra mats tilbúna í byrjun skólaárs. | Í maí/júní vinna teymi um innra mat og stjórnendur að matsskýrslu út frá matsáætlun og samhliða því er gerð áætlun um umbætur sem birt verður á heimasíðu skólans í síðasta lagi í júní ár hvert. | Júní hvert ár | Birting á heimasíðu Oddeyrarskóla | Teymi um innra mat og stjórnendur. | |



| Starfsáætlun og skólanámskrá | | | | | |
|--|--|--|--|---|--|
| Vinna að námsvísium þar sem m.a. er gerð grein fyrir hvernig grunnþættir menntunar fléttast inn í allt skólastarf. | Í júní 2016 munu kennarar vinna að námsvísium/bekkjarnámskrám fyrir hvern bekk út frá markmiðum Aðalnámskrár og fyrirbyggjandi kennsluáætlunum. | Námsvísar tilbúnir í ágúst 2016 og birtir á heimasíðu. | Námsvísar á heimasíðu í ágúst 2016 | Stjórnendur og kennarar | |
| Gæta þess við næstu endurskoðun skólanámskrár að allir hagsmunaaðilar eig þar beina þátttöku. | Þegar skólanámskrá fer til endurskoðunar verða kallaðir til rýnihópar foreldra og nemenda. | Vor 2017 | Skólanámskrá | Skólastjóri | |
| Verklagsreglur og áætlanir | | | | | |
| Vinna að gerð móttökuáætlana fyrir nýja nemendur, nemendur með sérþarfir og nemendur með annað tungumál en íslensku. | Til er áætlun um móttöku erlendra nemenda sem þarf að endurskoða og birta á heimasíðu. Til eru drög að áætlun um móttöku nýrra nemenda sem þarf að endurskoða og birta á heimasíðu. Í vinnslu hafa verið verkferlar vegna nemenda með sérþarfir og á eftir að fullvinna þá og birta á heimasíðu skólans. | Apríl 2016 | Birting áætlana á heimasíðu. | Stjórnendur KJ: nýir nemar RS: útlendingar KJ og FKH: verkferlar | |
| Gera áætlun um sérkennslu og stuðning fyrir skólaárið. | Eftir að sérkennsluúthlutun er gerð ljós að vori er unnið að áætlun um sérkennslu. Áætlað hve mikill stuðningur/sérkennsla fer í hvern árgang og hvernig sérkennslu í skólanum er háttað. Birt á heimasíðu skólans í ágúst ár hvert. | Ágúst 2016 og svo árlega eftir það | Birting áætlunar á heimasíðu | Stjórnendur | |
| Huga að því við endurskoðun skólareglna að það verði gert með þátttöku nemenda. | Þegar skólareglur verða endurskoðaðar haustið 2017 verður aðkoma nemenda tryggð. Bekkjarreglur eru ávallt unnar með nemendum. | Haust 2017 | Endurskoðaðar skólareglur birtar á heimasíðu skólans í október 2017. | Stjórnendur, SMT stýrihópur. | |
| Setja lista yfir skimanir og kannanir á heimasíðu skólans. | Listinn er til (í starfsmannahandbók) og verður yfirfarinn birtur á heimasíðu skólans. | Maí 2016 | Birting lista yfir skimanir á heimasíðu í maí 2016. | Rannveig og Kristín | |
| Samskipti heimila og skóla | | | | | |
| Að skólaráð setji sér starfsáætlun | Starfsáætlun skólaráðs er tilbúin og verður birt á heimasíðu skólans í febrúar 2016. | Febrúar 2016, endurskoðuð ár hvert. | Birting starfsáætlunar skólaráðs á heimasíðu skólans. | Skólastjóri | |
| Gæta þess að allir fulltrúar séu kosnir eins og reglugerð kveður á um. | Foreldrafélag Oddeyrarskóla mun flýta föstum aðalfundartíma foreldrafélagsins að | September 2016 | Kosið skv. reglugerð | Skólastjóri | |



| | | | | | |
|--|---|-----------|-------------------------------------|-------------------------|--|
| | hausti svo unnt sé að kjósa þar fulltrúa foreldra í skólaráð. | | | | |
| Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun | | | | | |
| Vinna og setja námsvísa á heimasíðu svo foreldrum, verðandi foreldrum og öðrum í skólasamfélaginu séu þeir aðgengilegir. | Skv. fyrri lið verða námsvísar/bekkjarnámskrár endurskoðaðar í júní 2016 og verða birtir á heimasíðu skólans. Verða kynntar og bornar undir fulltrúa í skólaráði. | Júní 2016 | Námsvísar á heimasíðu í ágúst 2016. | Stjórnendur og kennarar | |



| SVIÐ II – Nám og kennsla | | | | | |
|--|---|-------------------|---|-------------------------|--|
| Nám og námsaðstæður | | | | | |
| Inntak og árangur | | | | | |
| Endurskoða skólanámskrá, almennan hluta og gera skil þeim þáttum sem aðalnámskrá gerir ráð fyrir að þar komi fram. | Endurskoða skólanámskrá, almennan hluta og starfsáætlun – skoða hvað þarf að færa á milli til að skólanámskrá verði rétt. | Mars 2016 | Breytingar á skólanámskrá. | Stjórnendur | |
| Tryggja þátttöku allra hagsmunaaðila skólans að gerð skólanámskrár. | Næst þegar skólanámskrá verður endurskoðuð skólaárið 2016 – 2017 verða rýnihópar hagsmunaaðila (starfsmanna, foreldra, nemenda) fengnir með í vinnuna. | Vor 2017 | Þátttaka hagsmunaaðila við endurskoðun skólanámskrár. | Stjórnendur | |
| Draga skýrt fram hvernig grunnþættir menntunar fléttast inn í allt skólastarf. | Verður hugað að því í námsvísuð/bekkjarnámskrám sem verða unnar vorið 2016. | Júní 2016 | Birting námsvísa í ágúst 2016. | Stjórnendur og kennarar | |
| Vinna markvisst að því að bæta árangur nemenda. | Stöðugt er unnið að því að bæta námsárangur nemenda við Oddeyrarskóla. Mikið átak hefur verið unnið veturinn 2015-2016 með lesfimi og lesskilning. Einnig vinnur skólinn að þróunarverkefni um samræður til náms, með þann megingilgang að dýpka skilning nemenda og auka færni þeirra til að móta og tjá skoðanir sínar. Skólinn þátttakandi í að móta læsisstefnu Akureyrarbæjar. Lögð er áhersla á hæfni nemenda eins og Aðanámskrá segir til um en ekki verður lögð áhersla að kenna staðreyndir fyrir samræmd próf eins og þau eru byggð upp nú (2015). Lögð er sérstök áhersla á að efla færni nemenda í upplýsingatækni, sköpun og samvinnu. | Framtíðarverkefni | Árangur nemenda í skólanum. Sést að hluta til í samræmdum könnunarprófum og pisa prófum. Skólapúlsinn: ánægja og ábyrgð á eigin námi. | Stjórnendur og kennarar | |
| Skipting náms og námsumhverfi | | | | | |
| Útbúa námskrár/námsvísa fyrir allar námsgreinar sem sýna samfellu milli árganga og birta þær á heimasíðu. | Unnið verður að bekkjarnámskrám/námsvísuð í maí/júní 2016 | Haust 2016 | Birtin námsvísa á heimasíðu. | Stjórnendur og kennarar | |



| | | | | | |
|---|---|--|---|-------------------------|--|
| | og munu þeir taka gildi frá og með hausti 2016. | | | | |
| Setja skýrt fram viðmið um námsmat og matskvarða í námskrám skólans. | Gera námskrár með það að leiðarljósi að komi fram skýr viðmið um námsmat og matskvarða. | Vor 2016 | Birting viðmiða um námsmat og matskvarða í námskrám skólans. | Stjórnendur og kennarar | |
| Birta samstarfsáætlanir um samvinnu við framhaldsskóla og tónlistarskóla. | Sjá fyrri lið sem fjallar um sama. | | | Stjórnendur | |
| Auka val í námi nemenda (á miðstigi og yngsta stigi). | Byrjendalæsi: hægt að velja bók og velja lykilorð. Þannig að nemandi vinni að verkefnum út frá sinni bók. Yngri nemendur vinni allir út frá sömu bók en þeir fái meira val um viðfangsefni út frá markmiðum. Skoða hvort hægt sé að bæta við þriðju smiðjunni hjá yngsta stigi þar sem nemendur geta valið sér viðfangsefni. Leggja áherslu á stöðvavinnu þar sem nemendur geta valið sér stöðvar. Nýta t.d. Gullkistuna þar sem eru fjölbreytt verkefni sem hægt er að velja um, tengt fjölgreindarkenningum Gardners. | Vor 2016 | Hægt að fá fram sjónarmið nemenda á skólaþingi og í nemendasamtölum. | Kennarar | |
| Koma á reglulegum nemendasamtölum. | Nemendasamtöl (samtöl milli nemenda og kennara) um nám og námsframvindu nemenda verði regluleg í skólastarfinu og styðji við leiðsagnarmat. Gátlisti verði unninn með atriðum um hvað skuli ræða í slíkum samtölum. Samtöl fari fram í september/febrúar eða mars. Teymi skipuleggi mönnun svo þetta sé unnt. | Gátlisti unninn vor 2016. Samtöl hefjast haust 2016. | Fyrstu samtölum verði lokið um miðjan september. Fylgt eftir með tékklista í skjali á „google drive“ þar sem kennarar merkja við þegar nemendasamtali er lokið. | Kennarar | |
| Kennsluhættir og gæði kennslu | | | | | |
| Æskilegt er að tryggja enn meiri áherslu á að nemendur fái við krefjandi verkefni sem stuðla að virkri þátttöku og rökhugsun nemenda. | Einstaklingsmiðun. Tryggja að allir nemendur fái krefjandi verkefni, hver á sínum forsendum. Þróunarverkefni sem skólinn er að vinna að miðar að því að stuðla að aukinni virkni nemenda og bættri hugsun nemenda. | Vor 2017 | Bættur námsárangur. Mat á lykilhæfni nemenda, t.d. í gagnrýnni hugsun. | Stjórnendur og kennarar | |
| Setja þarf markmið kennslustunda skýrt fram svo nemendum sé ljóst það | Halda áfram að hafa markmið skýr og sýnileg nemendum í kennslustundum og vinna | Skólaárið 2016-2017 | Birting námsmarkmiða í kennslustundum. | Kennarar | |



| | | | | | |
|---|---|----------------------------------|--|--------------------------|--|
| sem þeir eiga að ná tókum á hverju sinni. | samkvæmt þeim. Nota leiðsagnarmat markvisst öllum stundum og byggja það á námsmarkmiðum hvers og eins og markmiðum kennslustundarinnar. Skýr markmið á töflu, skapa sameiginlegan skilning um markmið, afhenda kennsluáætlanir með skýrum markmiðum. | | | | |
| Nýta námsumhverfi enn frekar í námi, innanhúss og utan og með tengslum við grenndarsamfélagið. | Vinna að því að auka grenndarnám, nýta umhverfið og fyrirtæki á svæðinu til samvinnu. Auka reglulega útikennslu. Vinna skv. kafla um vettvangsnám í skólanámskrá. | Skólaárið 2016-2017 | Meta hvort áætlun um grenndarnám sé nýtt. Skoða magn útikennslu og samstarfs við grenndarsamfélagið. | Stjórnendur og kennarar. | |
| Námshættir og námsvitund | | | | | |
| Auka val nemenda um verkefni, m.a. eftir áhugasviði og einnig val þeirra um leiðir í námi. | Leggja reglulega fyrir áhugasviðsverkefni hjá nemendum í öllum skólanum þar sem markmiðin snúa að lykilhæfni. Nemendur fái í auknum mæli val um leiðir til að skila verkefnum. Stjórnendur búa til ramma um áhugasviðsverkefni sem kennari útfærir með sínum nemendahópi. | Kemur til framkvæmdar haust 2016 | Niðurstöður í skólapúlsi. Niðurstöður umræðna á skólaþingi. | Kennarar | |
| Skoða hvað veldur lítilli ánægju af námi í náttúrugreinum. | Nýjustu niðurstöður skólapúlsins sýna ánægju á náttúrufræði vera yfir landsmeðaltali. Eiga samtalið við nemendur á skólaþingi um nám í náttúrufræðigreinum. Samvinna náttúrufræðikennara í skólanum um samfelli og áhugahvöt. | Vorönn 2016 | Niðurstöður Skólapúlsins veturinn 2016-2017. | Stjórnendur | |
| Þátttaka og ábyrgð nemenda | | | | | |
| Lýðræðisleg vinnubrögð | | | | | |
| Koma á þátttöku nemenda í yngri deildum í nemendasamfélagi og tryggja að rödd þeirra heyrist einnig í skólasamfélaginu. | Stofna nemendaráð yngri bekkja sem getur tekið þátt í störfum nemendaráðs að hluta. Nemendaráð yngri bekkja myndi njóta meiri leiðsagnar og stuðnings kennara við skipulagningu atburða. Stofna nemendaráð 1. – 6. bekkjar (fulltrúar 6. bekkjar eru í báðum ráðum og mynda brú á milli nemendaráða). | Haust 2016 | Bekkjarráð yngri bekkja til staðar. | Stjórnendur | |



| | | | | | |
|---|---|----------------------------------|--|--|--|
| | 2 fulltrúar úr hverjum bekk sem funda 2x í mánuði. Fá kennara til að halda utan um nemendaráð. Kjósa í nemendaráð yngri bekkja haust 2016. Semja starfsreglur nemendaráðs. | | | | |
| Tryggja fulltrúum nemenda kennslu og þjálfun fyrir verkefni sín og þátttöku í félags- og skólastarfi. | Undirbúa nemendur sem sitja fundi í skólaráði og nemendaráði. Stutt námskeið um félagsstörf. E.t.v. fá aðila frá Rósenborg. Kristín Jóh og Katrín. | Undirbúningsnámskeið haust 2016. | Mat á undirbúningsnámskeiði. | Stjórnendur | |
| Sjá til þess að upplýsingar um ákvarðanir ráða og nefnda þar sem fulltrúar nemenda sitja, séum öllum nemendum aðgengilegar. | Birta fundargerðir skólaráðs og nemendaráðs á heimasíðu skólans. Fulltrúar fari í bekkji og kynni niðurstöður og taki umræður í bekkjum þegar við á. | September 2016 | Birting fundargerða á heimasíðu skólans. | Stjórnendur og umsjónarmenn nemendaráða | |
| Ábyrgð og þátttaka | | | | | |
| Vinna markvisst að því að uppræta einelti í skólanum. | Forvarnaráætlun komin í framkvæmd. Reglulegar skimanir í öllum bekkjum. Viðtöl við nemendur 8. bekkjar og þar sem skimanir gefa ástæðu til. Unnið skv. eineltisáætlun. Baráttuvikur gegn einelti. Vinna með sjálfsmynd nemenda. | Skólaárið 2015-2016 | Niðurstöður í Skólapúlsinum. Nemendaviðtöl. | Kennarar, stjórnendur og forvarnarteymi gegn einelti | |
| Birta viðmið um árangur í öllum námsgreinum. | Setja hæfniviðmið aðalnámskrár inn í námsáætlanir nemenda. | Haust 2016 | Birting í bekkjarnámskrám. | Kennarar og stjórnendur | |
| Námsaðlögun | | | | | |
| Nám við hæfi allra nemenda | | | | | |
| Sýna í námsvísum og námsáætlunum hvernig komið er til móts við fjölbreyttar þarfir og áhuga allra nemenda. | Námsvísar verða unnir vor og haust 2016. Þar verður þetta haft í forgrunni. | Haust 2016. | Birting í bekkjarnámskrám. | Kennarar og stjórnendur | |
| Stuðningur við nám | | | | | |
| Tryggja eins og kostur er að sérkennsla og stuðningur sé í höndum fagmenntaðra aðila. | Í Oddeyrarskóla er sérkennsla í höndum fagmenntaðra grunnskólakennara sem sumir hafa bætt við sig framhaldsnámi. Stuðningsfulltrúar við skólann eru þrír og tveir þeirra hafa lokið námi á | Skólaárið 2015-2016. | Kennslufyrirkomulag í skólanum. | Stjórnendur | |



| | | | | | |
|---|--|-------------|------------------------------|-------------------------|--|
| | stuðningsfulltrúabraut hjá Símei. Þeir sinna stuðningi við nemendur innan og utan kennslustunda undir leiðsögn og verkstjórn kennara. Ráða iðjuþjálfra/þroskaþjálfra þegar þörf skapast og kostur gefst. | | | | |
| Auka aðkomu nemenda og foreldra að markmiðssetningu í einstaklingsnámskrám. | Ræða einstaklingsnámskrár markvisst á teymisfundum vegna nemenda með sérþarfir. | Haust 2016. | Foreldrakönnun skólalúlsins. | Stjórnendur og kennarar | |



| SVIÐ III – Innra mat | | | | | |
|---|--|----------------------|---|---------------------------|--|
| Framkvæmd innra mats | | | | | |
| Gera þarf langtímaáætlun í innra mati svo og áætlun fyrir yfirstandandi skólaár. | Er í vinnslu. | Júní 2016 | Birting langtímaáætlunar á heimasíðu skólans. | Matsteymi. | |
| Huga þarf að því að öll markmið í skólanámskrá séu metin markvisst og reglulega og skilgreina viðmið. | Fer í langtímaáætlun vegna innra mats. | Skólaárið 2016-2017. | Birting innra mats. | Matsteymi. | |
| Í skólanámskrá þarf að gera grein fyrir helstu leiðum í innra mati. | Er í vinnslu. | Júní 2016 | Birting á heimasíðu skólans. | Matsteymi. | |
| Að fá alla hagsmunaaðila til þátttöku í innra mats teymi. | Metið og skoðað við stofnun teymis um innra mat fyrir skólaárið 2016-2017. Rætt í skólaráði um hvernig best skuli staðið að því. | Sept 2016. | Samsetning matsteymis. | Skólastjóri. | |
| Helstu niðurstöður innra mats þurfa að vera aðgengilegar öllum hagsmunaaðilum. | Birtar á heimasíðu skólans. | Júní 2016. | Birting matsskýrslu á heimasíðu í júní ár hvert. | Matsteymi og stjórnendur. | |
| Umbótastarf í kjölfar innra mats | | | | | |
| Birta greinargerðir um innra mat og umbótaáætlun á heimasíðu skólans. | Hefur hingað til verið gert fyrir utan umbótaáætlun vor 2015, | Júní 2016. | Birting á heimasíðu. | Matsteymi. | |
| Kynna niðurstöður innra mats formlega fyrir öllum hagsmunaaðilum. | Niðurstöður verði kynntar í skólaráði og á starfsmannafundi í Oddeyrarskóla. Einnig birtar á heimasíðu skólans fyrir aðra hagsmunaaðila. | Júní 2016. | Kynning á niðurstöðum innra mats á starfsmannafundi og fundi skólaráðs. Skýrsla send fræðslustjóra og skólanefnd. | Matsteymi. | |



| SVIÐ IV – Skóli án aðgreiningar | | | | | |
|--|---|------------------------------------|---|---|---|
| Menning og viðhorf | | | | | |
| Æskilegt er að orða með skýrum hætti í stefnu skólans að hann sé án aðgreiningar og skilgreina hvað í því felst. | Allir grunnskólar á Íslandi eru án aðgreiningar og á ekki að þurfa að orða það sérstaklega. Bætt við í upplýsingum um skólann á heimasíðu. | Febrúar 2016 | Texti á heimasíðu skólans. | Stjórnendur | X |
| Námskrá og áætlanir | | | | | |
| Útbúa heildaráætlun um skipulag sérstaks stuðnings í skólanum þar sem fram kemur hvernig mæta eigi nemendum með sérstakar þarfir í námi. | Skoða almenna úthlutun í hverjum bekk. Skoða úthlutun vegna greininga fyrir hvern bekk. Skoða úthlutun vegna erlendra nemenda í hvern bekk. Gera áætlun um sérkennslu og stuðning í hverjum bekk í skólanum. | Ágúst 2016 og svo á hverju hausti. | Birting á heimasíðu. | Stjórnendur | |
| Auka hlutdeild foreldra og nemenda að gerð einstaklingsnámskrár. | Vinna einstaklingsnámskrár í samvinnu við foreldra á teymisfundum. Biðja foreldra að undirbúa sig heima, koma með óskir og upplýsa um væntingar. | Skólaárið 2016-2017 | Þátttaka foreldra kemur að nokkru leyti fram í foreldrakönnun skólapúlsins. | Stjórnendur og kennarar | |
| Upplýsingamiðlun og samskipti | | | | | |
| Gera upplýsingar um sérfræðiþjónustu skólans aðgengilegar á heimasíðu skólans. | Miklar upplýsingar um sérfræðiþjónustu eru aðgengilegar nú þegar, en unnið verður að viðbótum á vorönn 2016. | Maí 2016 | Birting upplýsinga á heimasíðu. | Stjórnendur | |
| Setja starfsreglur um meðferð mála sem berast frá foreldrum. | Búa til skjal um kvartanir og meðferð mála sem stjórnendur deila sín á milli og fara saman yfir hálfsmánaðarlega. | Febrúar 2016 | Ferli er til meðal stjórnenda. | Stjórnendur | X |
| Skrá skipulag um meðferð upplýsinga sem fara milli grunn- og framhaldsskóla vegna nemenda með sérstakar þarfir í námi. | Upplýsa á heimasíðu skólans að foreldrar þeirra barna sem þurfa að taka gögn með sér í framhaldsskólana þurfi að óska eftir þeim hjá skólanum. Skólinn afhendir foreldrum gögnin eða sendir til framhaldsskólanna að beiðni foreldra. | Júní 2016 | Birting upplýsinga á heimasíðu. | Stjórnendur | |
| Gera tilfærsluáætlun (einstaklingsbundna áætlun um skólaskil) þegar við á. | Tilfærsluáætlanir verða gerðar við útskrift 2016 og framvegis. | Júní 2016 og svo í júní ár hvert. | Tilfærsluáætlanir sendar framhaldsskólum ár hvert. | Deildarstjóri eldri deildar, námsráðgjafi og kennarar | |



| | | | | | |
|--|--|----------------------|---|--|--|
| Gera upplýsingar um skólann og skólastarfið aðgengilegri fyrir alla óháð tungumáli eða fötlun. | Setja helstu upplýsingar um skólann á ensku, pólsku og arabísku á heimasíðu. | Júní 2017. | Upplýsingar á heimasíðu. | Stjórnendur | |
| Starfshættir | | | | | |
| Huga að því að nemendur fái námsaðstæður sem nýtast þeim vel til náms. | Huga vel að þörfum hvers og eins. Fá skilrúm fyrir nemendur sem þurfa meira næði. Gæta að aðstöðu til samvinnu í öllum bekkjardeildum (t.d. hringborð, hópaborð). Gæta stöðugt að því að námsumhverfi sé notalegt og hvetjandi. | Framtíðarverkefni. | Umræður nemenda á skólaþingi. Stöðugt mat á námsaðstæðum út frá hverjum og einum nemanda. | Kennarar og stjórnendur | |
| Bæta aðstöðu í útivist. | Leita eftir upplýsingum/óskum frá nemendum um hvernig bæta megi aðstöðu í útivist og leita eftir fjármagni frá Akureyrarbæ til að gera breytingar sem ákveðið er að gera. Ósk hefur komið fram um „rampa“ og er það komið á óskalista um úthlutun hjá fasteignum Akureyrarbæjar. | Framtíðarverkefni. | Mat á aðstöðu. | Stjórnendur og Fasteignir Akureyrarbæjar | |
| Bæta tölvubúnað | Unnið að því innan þeirra marka sem Akureyrarbær setur. Mjög litlir fjármunir eru til ráðstöfunar til tölvukaupa ár hvert, en það er metnaðarmál í skólanum að nýta það fjármagn sem best, nemendum og námi þeirra í hag. | Skólaárið 2016-2017. | Mat á tölvubúnaði skólans. | Stjórnendur og umsjónarmaður tölvumála | |